

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Garðabær, 25. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0024
MH

Efni: Frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði, auglýsing deiliskipulagstillögu

Vísað er í tölvubréf frá Ísafjarðarbæ sem barst í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi að frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Deiliskipulagssvæðið liggur við rætur Hnífafjalls sem skilur að Dagverðardal og Tungudal í Skutulsfirði. Svæðið nær yfir 8,2 ha og á því er gert ráð fyrir frístundabyggð með þjónustusvæði. Samhliða er gerð breyting á gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008–2020 þar sem svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu fyrir svæðið dags. 5. desember 2023 og tillögu að deiliskipulagi dags. 3. maí 2024. Hvatti stofnunin til þess að á svæðinu yrði einungis heimilt að planta innlendum trjátegundum, s.s. birki, og notast við birkistofna sem vaxa á Vestfjörðum. Einnig að leggja ætti áherslu á að koma í veg fyrir dreifingu lúpínu innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna en í greinargerð með henni er í skipulagsskilmálum kveðið á um að yfirbragð gróðurs skuli vera sem náttúrulegast og einungis sé gert ráð fyrir kjarri og runnagróðri. Mælt er með notkun íslenks birkis, fjalla- eða dverfuru og víðis. Áhersla er lögð á að halda jarðraski sem minnstu á svæðinu við framkvæmdir og sporna skal við því að alaskalúpina berist svæði þar sem jarðrask verður.

Náttúrufræðistofnun hvetur til að einungis verði heimilt að planta innlendum trjátegundum á skipulagssvæðinu, s.s. birki, reynivið og víðitegundum, ásamt lægri runnagróðri. Stofnunin tekur undir mikilvægi þess að alaskalúpínu verði haldið í skefjum og komið í veg fyrir frekari dreifingu hennar á svæðinu. Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar virðist sem litlir votlendisblettir séu innan svæðisins og ætti að forðast að raska þeim.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir



líffræðingur

